# SAMRUNASAMNINGUR

Stjórnir Gildis-lífeyrissjóðs, kt. 561195-2779, Guðrúnartúni 1, 105 Reykjavík og Lífeyrissjóðs Vestfirðinga, kt. 490671-0809, Hafnarstræti 9, 400 Ísafirði, gera í dag með sér svofelldan samning um samruna framangreindra lífeyrissjóða og munu leggja hann fyrir ársfundi sjóðanna til staðfestingar í samræmi við ákvæði í samþykktum sjóðanna þar um.

1. gr.

Sameining lífeyrissjóðanna öðlast gildi 1. janúar 2015 og tekur Gildi-lífeyrissjóður þann dag við öllum eignum og skuldbindingum Lífeyrissjóðs Vestfirðinga sem þá sameinast Gildi-lífeyrissjóði í samræmi við nánari ákvæði samnings þessa.

2. gr.

Samningi þessum fylgja tillögur að breytingum á samþykktum Gildis-lífeyrissjóðs, sem samanburður á samþykktum sjóðanna hefur gefið tilefni til og sem miðað er við að verði gildandi samþykktir sjóðsins eftir sameiningu sjóðanna. Er þar m.a. tekið mið af fjölgun aðildarfélaga sjóðsins sem leiðir af sameiningunni.

3. gr.

Sjóðirnir sameinast á grundvelli eigna og skuldbindinga eins og þær reynast hinn 31. desember 2014. Ársreikningar sjóðanna eru gerðir skv. reglum nr. 55/2000 sem settar eru af Fjármálaeftirlitinu og fylgja sjóðirnir því í öllum höfuðdráttum sömu reglum og viðmiðunum um mat á eignum. Skulu endurskoðendur beggja lífeyrissjóðanna hafa með sér samstarf til að tryggja að við gerð ársreikninga sjóðanna fyrir árið 2014 verði að öllu leyti fylgt sömu viðmiðum um eignamat og þá ef í milli ber að fylgt sé viðmiðunum Gildis-lífeyrissjóðs.

4. gr.

Við samrunann skulu öll áunnin lífeyrisréttindi sjóðfélaga Lífeyrissjóðs Vestfirðinga metin upp og varðveitt eins og þau standa samkvæmt gildandi samþykktum sjóðsins hinn 31.desember 2014. Samruni sjóðanna skal miðast við áfallna stöðu lífeyrisskuldbindinga. Mat á framtíðarkostnaði vegna þeirra réttinda skal miðast við kostnaðarhlutföll Gildis-lífeyrissjóðs.

5. gr.

Stjórn Lífeyrissjóðs Vestfirðinga skal gera ársreikning sjóðsins fyrir árið 2014. Frá því samruni sjóðanna tekur gildi hinn 1. janúar 2015 fellur niður umboð stjórnar Lífeyrissjóðs Vestfirðinga til annars en að gera ársreikning sjóðsins fyrir liðið starfsár og til að gæta hagsmuna sjóðfélaga sjóðsins við mat á samhengi eigna og skuldbindinga skv. 7. gr. Skal ársreikningur sjóðsins fyrir árið 2014 gerður með venjulegum hætti, endurskoðaður og með tryggingafræðilegu uppgjöri, áritaður af stjórn og framkvæmdastjóra og liggja þannig fyrir eigi síðar en 15. mars 2015. Samþykktur ársreikningur Gildis-lífeyrissjóðs skal liggja fyrir á sama tíma.

6. gr.

Innan fjögurra vikna frá samþykkt samrunasamnings þessa skal stjórn Lífeyrissjóðs Vestfirðinga gefa út innköllun til skuldheimtumanna sjóðsins skv. ákvæðum 3. mgr. 48. gr. laga 129/1997 um starfsemi lífeyrissjóða og skyldutryggingu lífeyrisréttinda

7. gr.

Þegar fyrir liggur endanlegt mat á eignum og skuldbindingum skal jafna mun sem vera kann á hlutfalli eigna miðað við skuldbindingar milli sjóðanna miðað við uppgjör eigna og skuldbindinga hinn 31.12.2014. Skal þá auka réttindi í þeim sjóði sem betur stendur þannig að fullt jafnvægi náist milli sjóðanna. Um aukningu réttinda fer þá eftir ákvæðum greinar gr. 10.4 í samþykktum Gildis-lífeyrissjóðs.

8. gr.

Gildi-lífeyrissjóður mun í framhaldi af sameiningu sjóðanna hafa starfsstöð sjóðsins á Ísafirði til að treysta samband við sjóðfélaga og iðgjaldagreiðendur á Vestfjörðum.

9. gr.

Stjórnir beggja sjóða skulu skipa tvo fulltrúa í viðræðunefnd til að hafa umsjón með samrunaferlinu af hálfu sjóðanna.

Stjórnir beggja lífeyrissjóðanna skulu fyrir lok n.k. októbermánaðar boða til sjóðfélagafunda þar sem samþykkt sjóðsstjórna um sameiningu sjóðanna verði kynnt.

Eigi síðar en 12. desember nk. skulu báðir sjóðirnir leggja samrunasamning þennan fyrir aukaársfundi sjóðanna til staðfestingar og öðlast samningur um sameiningu þeirra því aðeins gildi að hann verði samþykktur á aukaársfundum beggja sjóða ásamt þeim breytingum á samþykktum Gildis-lífeyrissjóðs sem sameiningin kallar á.

Stjórn Lífeyrissjóðs Vestfirðinga er heimilt að tilnefna einn stjórnarmann sem áheyrnarfulltrúa til setu á fundum stjórnar Gildis-lífeyrissjóðs frá 1. janúar 2015 fram að ársfundi sjóðsins s.á.

Á ársfundi Gildis-lífeyrissjóðs árið 2015 skal gerð grein fyrir endanlegu uppgjöri sjóðanna og breytingum sem gerðar hafa verið á áunnum réttindum skv. ákvæðum 7. gr. samnings þessa. Eigi síðar en tveimur vikum eftir ársfund Gildis skal halda sjóðfélagafund á Ísafirði til að kynna þá niðurstöðu og starfsemi sjóðsins.

Reykjavík, 19. september 2014

F.h. Gildis-lífeyrissjóðs

Harpa Ólafsdóttir stjórnarformaður

F.h. Lífeyrissjóðs Vestfirðinga

Margrét Birkisdóttir stjórnarformaður